

# LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 28. janúar 2022.

Mál nr. 628/2020:

**Ingibjörg Pálsdóttir og**

**Fossatún ehf.**

(*Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður*)

**gegn**

**Veidifélagi Grímsár og Tunguár**

(*Guðjón Ármannsson lögmaður*)

**Lykilorð**

*Lax- og silungsveiði. Stjórnarskrá. Félagafrelsi. Eignarréttur. Sameign. Aðildarskortur.*

**Útdráttur**

*I var eigandi jarðarinnar Fossatúns í Borgarbyggð en jörðinni fylgdi veiðiréttur í Grímsá. Þá rak hún ferðaþjónustu á jörðinni í nafni F ehf. Ágreiningur reis á milli I og F ehf. annars vegar og V hins vegar um þá ákvörðun V að selja veiðihús félagsins á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitíma samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. I og F ehf. höfðu mál á hendur V og kröfðust viðurkenningar á því að V væri óheimilt að selja veiðihús félagsins á leigu til almenns gisti- og veitingahúsarekstrar utan skilgreinds veiðitímabils samkvæmt lögum nr. 61/2006. Rétturinn tók fram að með dómi Hæstaréttar 13. mars 2014 í máli nr. 676/2013 hefði því verið slegið föstu að ákvörðun veiðifélags um ráðstöfun stangveiði á félagssvæði sínu og samhliða henni ákvörðun um gisti- og veitingarekstur í veiðihúsi á skilgreindum veiðitíma samkvæmt lögum nr. 61/2006 félli ótvírætt innan þeirra marka sem lög settu starfsemi veiðifélaga, sbr. c- og d-lið 1. mgr. 37. gr. laganna. Þá taldi rétturinn að ákvörðun V samræmdest hinum nýja e-lið sömu málsgreinar og væri félaginu heimil að lögum. Þá væri þessi starfsemi í nægjanlegum tengslum við þau verkefni sem V væru falin samkvæmt samþykktum þess. Tók Landsréttur því næst til skoðunar málsástæður I um það hvort heimild e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 bryti gegn réttindum hennar samkvæmt 2. mgr. 74. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar. Landsréttur tók fram að í skylduaðild að veiðifélögum samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 fælist takmörkun á rétti veiðiréttarhafa til þess að skipuleggja veiði fyrir landi sínu auk þess sem ráðstöfun eigna veiðifélaga sem tilheyri veiðiréttarhöfum lúti sérstökum reglum. Af því leiddi að hlutverk veiðifélaga takmarkaðist á hverjum tíma af þeim verkefnum sem löggjafinn gagnert fæli þeim en ótvírætt þyrfti að vera að þau væru í nánu samhengi við tilgang laganna og þau markmið sem skylduaðildinni væri ætlað að tryggja. Ekki væri um það deilt að skylduaðild að veiðifélögum væri í þágu hagsmuna veiðiréttarhafa. Fyrir lægi jafnframt að löng hefð væri fyrir því hér á landi að*

veiðifélög byggðu veiðihús í tengslum við nýtingu fiskistofna en þar væri veiðimönnum boðið upp á gistingu og veitingar á veiðitíma. Í málinu vægjust annars vegar á hagsmunir veiðiréttarhafa af því að eignum veiðifélags væri ráðstafað á hagkvæman og arðbæran hátt og hins vegar hagsmunir I af því að veiðihús félagsins væri ekki nýtt til samkeppnisrekstrar á sviði gisti- og veitingaþjónustu utan veiðitíma. Ljóst væri að útleiga veiðihúss til gisti- og veitingaþjónustu utan veiðitíma fæli í sér hagkvæma og arðbæra nýtingu eigna sem til hafi verið stofnað á þessum grunni í því skyni að félagsmenn megi njóta arðs af veiðiréttindum sínum. Yrði ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 því talið í samræmi við tilgang laganna og þau markmið sem skylduaðild að veiðifélögum væri ætlað að tryggja. Þegar metið væri hvort með ákvæðinu væri gengið lengra en þörf krefur í því skyni að ná markmiðum laganna yrði litið til þess að ef útleiga veiðihúss í eigu veiðifélaga væri bönnuð utan veiðitíma væru eignarréttindi félagsmanna skert umtalsvert. Þótt slík nýting gæti hugsanlega takmarkað arðsemi af samkeppnisrekstri á vegum I yrði ekki talið að hagsmunir hennar væru fyrir borð bornir með þeim hætti að það bryti gegn meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um meðalhóf. Yrði því ekki talið að hin umdeilda útleiga veiðihúss V gengi svo nærri félagafrelsi I samkvæmt 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eða bryti gegn eignarrétti I samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu að hún væri V óheimil. Var V sýknað af kröfum I og F ehf.

### **Dómur Landsréttar**

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir, Jóhannes Sigurðsson og Oddný Mjöll Arnardóttir.

#### **Málsmeðferð og dómkröfur aðila**

- 1 Áfrýjendur skutu málinu til Landsréttar 9. nóvember 2020. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Vesturlands 14. október 2020 í málinu nr. E-19/2019.
- 2 Áfrýjendur krefjast þess hvor um sig að viðurkennt verði með dómi að stefnda, Veiðifélagi Grímsár og Tunguár, sé óheimilt að selja veiðihús félagsins að Fossási í Borgarbyggð á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitímabils samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

#### **Málsatvik og sönnunarfærsla**

- 4 Atvik málsins eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Svo sem þar kemur fram samþykkti aðalfundur stefnda 19. mars 2016 tillögu sem heimilaði stjórn félagsins að leigja út veiðihús þess að Fossási á þeim tíma sem ekki væri starfsemi í húsinu vegna þjónustu við veiðimenn. Heimildin var bundin því skilyrði að húsið yrði eingöngu leigt út til skyldrar starfsemi svo sem mælt væri fyrir um í e-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006.

Tillagan var samþykkt með atkvæðum 23 félagsmanna stefnda gegn atkvæði áfrýjandans Ingibjargar Pálsdóttur. Við meðferð málsins fyrir Landsrétti upplýsti lögmaður stefnda að veiðihúsið hefði síðastliðið sumar verið leigt til tíu ára ásamt veiðirétti í ánni. Leigutakinn hefði samkvæmt samningnum heimild til þess að nýta húsið til skylds rekstrar árið um kring.

- 5 Aðdraganda málsins má rekja til þess að Ingibjörg Pálsdóttir fékk með dómi Hæstaréttar 13. mars 2014 í máli nr. 676/2013 staðfest að stefnda væri óheimilt nema með samþykki allra félagsmanna að leigja út veiðihús félagsins til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitíma samkvæmt lögum nr. 61/2006. Með lögum nr. 50/2015 um breytingu á fyrrgreindum lögum var bætt inn ákvæði í 1. mgr. 37. greinar laganna, e-lið, sem mælir fyrir um að hlutverk veiðifélaga sé að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn og því sé heimilt að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma til skyldrar starfsemi. Framangreind ákvörðun stefnda var tekin í framhaldi af þessari lagabreytingu.
- 6 Með hinum áfrýjaða dómi var komist að þeirri niðurstöðu að útleiga á veiðihúsi stefnda til almenns gisti- og veitingarekstrar, utan skilgreinds veiðitímabils samkvæmt lögum nr. 61/2006 bryti ekki gegn ákvæðum laganna eins og þeim hafði verið breytt, ákvæðum stjórnarskrárinnar eða ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005. Var stefndi því sýknaður af kröfum áfrýjenda.

### **Málsástæður aðila**

#### *Málsástæður áfrýjenda*

- 7 Áfrýjendur höfðuðu mál þetta í því skyni að fá viðurkennt að veiðifélaginu væri óheimilt að leigja veiðihús félagsins út til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitímabils samkvæmt lögum nr. 61/2006 þrátt fyrir þá breytingu sem gerð hafi verið á ákvæðum 1. mgr. 37. gr. laganna. Byggja áfrýjendur á því að útleiga veiðihúss með framangreindum hætti sé andstæð ákvæðum laganna þar sem félögum með skyldubundna aðild sé óheimilt að stunda starfsemi sem ekki er skýrlega tilgreind í lögum auk þess sem hún sé ekki í samræmi við markmið laganna. Þá sé reksturinn ekki skyld starfsemi svo sem áskilið sé í e-lið 1. mgr. 37. gr. auk þess sem útleiga hússins utan veiðitíma samræmist ekki ákvæðum 4. gr. samþykta félagsins um verkefni þess.
- 8 Á því er byggt að útleiga veiðihússins með þessum hætti sé andstæð stjórnarskrárvörðum réttindum áfrýjandans, Ingibjargar Pálsdóttur, þar sem ekki sé hægt að knýja hana til að vera í félagi sem stundi rekstur í samkeppni við rekstur gistihúss sem hún hefði með höndum í gegnum áfrýjandann Fossatún ehf. Ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, takmarki starfsemi skyldubundinna félaga við starfsemi sem sé nauðsynleg vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Þá sé veiðihúsið sameign félagsmanna, sbr. 6. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, og eignarréttur hennar því verndaður af ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála

Evrópu. Lagabreytingin hafi takmarkað eignarréttarvernd áfrýjandans Ingibjargar samkvæmt þeim reglum sem gilda um óskipta sameign.

- 9 Að endingu byggja áfrýjendur á því að ráðstöfun veiðihússins með framangreindum hætti brjóti gegn ákvæðum samkeppnislaga þar sem stefndi starfi í skjóli opinbers einkaleyfis og njóti verndar. Ráðstöfun þess með þeim hætti sem samþykkt var feli í sér samninga og samþykktir sem leiði til samkeppnishindrana sem samræmist ekki samkeppnislögum.

#### *Málsástæður stefnda*

- 10 Stefndi byggir sýknukröfu sína annars vegar á því að áfrýjandinn Fossatún ehf. geti ekki átt aðild að málinu en hins vegar á því að heimild til útleigu veiðihúss utan skilgreinds veiðitíma falli undir lögbundið hlutverk veiðifélags eftir að ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 tók gildi. Gisti- og veitingarekstur í veiðihúsi utan veiðitíma sé skyldur rekstur enda sé sama þjónusta veitt í húsinu á veiðitímanum. Lagabreytingin feli í sér breytingu á reglum um ákvörðun um ráðstöfun eigna veiðifélags svo sem algengt sé í félögum sem fara með sameiginlegar eignir félagsmanna, svo sem 14. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og ýmis ákvæði laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.
- 11 Þá byggir áfrýjandi á því að ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 brjóti ekki á neinn hátt gegn stjórnarskrárvörðum rétti áfrýjenda enda sé markmið ákvæðisins að tryggja að eignir veiðifélaga séu nýttar á arðbæran hátt. Þá er sjónarmiðum um að samkeppnislög hindri á einhvern hátt ráðstöfun félagsins á veiðihúsi til gisti- og veitingarekstrar utan veiðitíma hafnað.

#### **Niðurstaða**

- 12 Stefndi krefst sem fyrr greinir sýknu af kröfum áfrýjandans Fossatúns ehf. á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa þessa áfrýjanda er á því byggð að stefndi stundi rekstur í samkeppni við hann. Verður því hafnað þeirri málsástæðu stefnda að sýkna beri af kröfu félagsins á grundvelli aðildarskorts.
- 13 Hvað kröfu áfrýjandans Fossatúns ehf. varðar er byggt á þeirri málsástæðu að brotið hafi verið gegn samkeppnislögum. Áfrýjandinn Ingibjörg Pálsdóttir byggir einnig á því að slík brot hafi þýðingu við mat á því hvort brotið hafi verið gegn stjórnarskrárvörðum réttindum hennar. Áfrýjendur hafa ekki fært fram haldbær rök fyrir því að ákvæði 14. gr. samkeppnislaga um að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað þegar fyrirtæki starfa í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar geti komið í veg fyrir útleigu veiðihúss. Þá hafa þau ekki sýnt fram á að ákvörðun aðalfundar stefnda um heimild stjórnar til að leigja út veiðihús félagsins geti fallið undir ákvæði 10. gr. samkeppnislaga um bann við samningum, samþykktum og samstilltum aðgerðum milli fyrirtækja sem hafa að markmiði eða

leiða til þess að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað. Verður málsástæðum áfrýjenda um brot gegn samkeppnislögum því hafnað.

- 14 Samkvæmt 1. gr. laga nr. 61/2006 er markmið þeirra að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskistofna í ferskvatni og verndun þeirra. Í því skyni að ná fram framangreindu markmiði er mælt fyrir um það í 1. mgr. 37. gr. laganna að mönnum sé skylt að hafa með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi. Í a- til f-lið 1. mgr. 37. gr. er nánar mælt fyrir um hvað felist meðal annars í hlutverki slíks félags. Með framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 676/2013 var því slegið föstu að ákvörðun veiðifélags um ráðstöfun stangveiði á félagssvæði sínu og samhliða henni ákvörðun um gisti- og veitingarekstur í veiðihúsi, sem reist hefur verið, á skilgreindum veiðitíma samkvæmt lögum nr. 61/2006 falli ótvírætt innan þeirra marka sem lög setja starfsemi veiðifélaga, sbr. c- og d-lið 1. mgr. 37. gr. laganna.
- 15 Svo sem áður er rakið samþykkti Alþingi, með lögum nr. 50/2015, breytingu á 1. mgr. 37. greinar laga nr. 61/2006 þannig að við málsgreinina bættist nýr e-liður þar sem mælt er fyrir um að hlutverk veiðifélaga sé að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn. Í því skyni sé veiðifélagi heimilt að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma til skyldrar starfsemi. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til breytingalaganna segir að veiðifélagi geti meðal annars „verið heimilt að leigja út veiðihús í eigu veiðifélags utan hefðbundins veiðitíma, svo sem til gisti- og veitingarekstrar“. Þá kemur fram í lögskýringargögnum að meginástæðan fyrir lagabreytingunni sé að gefa veiðifélögum kost á að ráðstafa eignum á sem arðbærastan hátt. Ákvörðun stefnda um útleigu veiðihúss félagsins til gisti- og veitingarekstrar samræmist því tvímælalaust ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laganna og er félaginu heimil að lögum. Þótt samþykktir veiðifélagsins heimili ekki þessa tilteknu starfsemi sérstaklega verður hún talin í nægjanlegum tengslum við þau verkefni sem félaginu eru falin samkvæmt samþykktum þess.
- 16 Að þessari niðurstöðu fenginni koma til skoðunar málsástæður áfrýjandans Ingibjargar Pálsdóttur um það hvort framangreind heimild e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 brjóti í bága við réttindi hennar samkvæmt 2. mgr. 74. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í reglu 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 um skylduaðild að veiðifélagi felst undantekning frá reglu 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um að engan megi skylda til aðildar að félagi. Svo sem fram kemur í stjórnarskrárákvæðinu má þó með lögum kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmaeltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Í skylduaðild að veiðifélögum samkvæmt ákvæði 1. mgr. 37. gr. felst takmörkun á rétti veiðiréttarhafa til þess að skipuleggja veiði fyrir landi sínu auk þess sem ráðstöfun eigna veiðifélaga sem tilheyra veiðiréttarhöfum, sbr. 6. mgr. 37. gr. laganna, lýtur sérstökum reglum. Af þessu leiðir að hlutverk veiðifélaga takmarkast á hverjum tíma af þeim verkefnum sem löggjafinn gagnert felur þeim en ótvírætt þarf að vera að þau séu í nánu

samhengi við tilgang laganna og þau markmið sem skylduaðildinni er ætlað að tryggja, sbr. áður nefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 676/2013.

- 17 Við mat á því hvort hin lögbundna starfsemi rúmist innan heimildar 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar til takmörkunar á neikvæðu félagafrelsi verður samkvæmt meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um meðalhóf að gæta að því hvort lagaboð íþyngi mönnum að óþörfu og hvort unnt sé að ná sama markmiði með öðru og vægara móti, sbr. dóm Hæstaréttar 6. mars 2014 í máli nr. 144/2014. Sambærileg meðalhófsregla felst einnig í því ákvæði 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að slíkar takmarkanir þurfi að teljast nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi. Samkvæmt framangreindu þurfa takmarkanir á félagafrelsi að vera í þágu mikilvægra samfélagslegra þarfa og byggðar á málefnalegum grunni auk þess sem þær mega ekki ganga lengra en þörf krefur í því skyni að ná þeim markmiðum sem að er stefnt, sbr. hér til hliðsjónar til dæmis dóm Mannréttindadómstóls Evrópu 27. apríl 2010 í máli Varðar Ólafssonar gegn Íslandi, málsgrein 74, og dóm mannréttindadómstólsins 29. apríl 1999 í máli Chassagnou o.fl. gegn Frakklandi, málsgreinar 112 til 113.
- 18 Ekki er um það deilt í málinu að skylduaðild að veiðifélögum er í þágu hagsmuna veiðiréttarhafa. Fyrir liggur jafnframt að löng hefð er fyrir því hér á landi að veiðifélög byggji veiðihús í tengslum við nýtingu fiskistofna en þar er veiðimönnum boðið upp á gistingu og veitingar á veiðitíma. Hefur Hæstiréttur sem fyrr greinir talið það rúmast innan lögbundinna verkefna veiðifélaga og vera í nánu samhengi við tilgang laga nr. 61/2006 og þau markmið sem skylduaðild að veiðifélögum er ætlað að tryggja.
- 19 Með lögum nr. 50/2015, sem breyttu lögum nr. 61/2006, var nánar kveðið á um meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga. Jafnframt var kveðið á um að heimilt væri að ráðstafa eign veiðifélags utan veiðitíma með því skilyrði að það væri þá gert til skyldrar starfsemi. Samkvæmt skýringum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/2015 byggði breytingin meðal annars á þeim rökum að þar sem veiðifélög væru fjárhagsleg félög og færu „á grundvelli skylduaðildar veiðiréttarhafa að félaginu með ráðstöfun fjárhagslegra eigna þess [beri] stjórnnum veiðifélaga að leitast við að hámarka þann arð sem veiðiréttarhafar geti fengið af arðberandi eign sinni í veiðifélaginu líkt og á við um ráðstöfun veiðiréttar á félagssvæðinu“. Áfrýjandinn Ingibjörg mótmælir því ekki að henni sé skylt að vera aðili að veiðifélagi sem skipuleggi og stjórnir veiði á félagssvæði þess. Hún telur á hinn bóginn vegið of nærri félagafrelsi sínu með því að henni sé gert að vera aðili að veiðifélagi sem stundi samkeppnisrekstur við félag hennar, áfrýjandann Fossatún ehf. Því sé stefnda óheimilt að leigja veiðihús félagsins út til gisti- og veitingarekstrar utan veiðitíma.
- 20 Í málinu vegast annars vegar á hagsmunir veiðiréttarhafa af því að eignum veiðifélags sé ráðstafað á hagkvæman og arðbæran hátt og hins vegar hagsmunir áfrýjandans Ingibjargar af því að veiðihús félagsins sé ekki nýtt til samkeppnisrekstrar á sviði gisti- og veitingaþjónustu utan veiðitíma. Skylduaðild að veiðifélögum er sem fyrr greinir ætlað að tryggja skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskistofna í ferskvatni

og verndun þeirra. Af skýringum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 61/2006 er ljóst að í þessum markmiðum felst meðal annars að koma skipulagi á veiðar og fiskrækt svo einstakir veiðibændur geti ekki notið veiðinnar á kostnað annarra. Eru þannig lögð ákveðin bönd á réttindi einstakra veiðiréttarhafa svo þeir megi allir njóta veiðinnar, þar með talið arðs af veiðirétti sínum, á jafnræðisgrundvelli. Ljóst er að útleiga veiðihúss til gisti- og veitingaþjónustu utan veiðitíma felur í sér hagkvæma og arðbæra nýtingu eigna sem til hefur verið stofnað á þessum grunni í því skyni að félagsmenn megi njóta arðs af veiðiréttindum sínum. Verður ákvæði e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 því talið í samræmi við tilgang laga nr. 61/2006 og þau markmið sem skylduaðild að veiðifélögum er ætlað að tryggja. Þegar metið er hvort með ákvæðinu sé gengið lengra en þörf krefur í því skyni að ná markmiðum laganna verður litið til þess að ef útleiga veiðihúss í eigu veiðifélaga væri bönnuð utan veiðitíma væru eignarréttindi félagsmanna skert umtalsvert. Jafnframt athugast að í lagaheimildinni felst almenn regla til hagsbóta fyrir alla félagsmenn í veiðifélagi, þar með talið fyrir áfrýjandann Ingibjörgu. Þótt slík nýting geti hugsanlega takmarkað arðsemi af samkeppnisrekstri á hennar vegum verður samkvæmt öllu framangreindu ekki talið að hagsmunir hennar séu fyrir borð bornir með þeim hætti að brotið sé gegn áðurgreindri meðalhófsreglu. Verður því ekki talið að hin umdeilda útleiga veiðihúss stefnda gangi svo nærri félagafrelsi hennar samkvæmt 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að hún sé stefnda óheimil.

- 21 Með sömu röksemdum og að framan greinir verður ekki talið að heimild e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 brjóti gegn eignarrétti áfrýjandans Ingibjargar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu.
- 22 Samkvæmt því sem að framan er rakið verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sýknu stefnda af kröfum áfrýjenda og greiðslu málskostnaðar staðfest.
- 23 Áfrýjendum verður gert að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Landsrétti svo sem í dómsorði greinir.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ingibjörg Pálsdóttir og Fossatún ehf., greiði stefnda, Veiðifélagi Grímsár og Tunguár, óskipt 1.400.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

### **Dómur Héraðsdóms Vesturlands 14. október 2020**

#### **I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 16. september sl., er höfðað með stefnu birtri 4. mars 2019. Stefnendur eru Ingibjörg Pálsdóttir og Fossatún ehf., til heimilis að Fossatúni, Borgarbyggð. Stefndi er Veiðifélag Grímsár og Tunguár, Hvannatúni, Hvanneyri, Borgarbyggð.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru eftirfarandi:

„Dómkröfur stefnandans Ingibjargar eru þær að viðurkennt verði með dómi að stefnda, Veidifélagi Grímsár og Tunguár, sé óheimilt að selja veiðihús félagsins að Fossási í Borgarbyggð á leigu, til almenns gisti- og veitingahúsarekstrar, utan skilgreinds veiðitímabils skv. lax- og silungsveiðilögum nr. 61/2006, með síðari breytingum. Dómkröfur stefnandans Fossatúns ehf. eru þær að viðurkennt verði með dómi að stefnda, Veidifélagi Grímsár og Tunguár, sé óheimilt að selja veiðihús félagsins að Fossási í Borgarbyggð á leigu, til almenns gisti- og veitingarekstrar, utan skilgreinds veiðitímabils skv. lax- og silungsveiðilögum, með síðari breytingum. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins úr hendi stefndu að teknu tilliti til virðisaukaskatts.“

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnenda og að stefnendum verði gert að greiða honum málskostnað með hliðsjón af málskostnaðarreikningi og verði þá tekið tillit til málflutnings um frávísunarkröfu stefnda.

## II.

Stefnandinn Ingibjörg Pálsdóttir er þinglýstur eigandi jarðarinnar Fossatúns í Borgarbyggð, en jörðinni fylgir veiðiréttur í Grímsá, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Sem skráður veiðiréttarhafi í ánni samkvæmt 12. gr. sömu laga er stefnandinn félagsmaður í stefnda, Veidifélagi Grímsár og Tunguár, sbr. 2. mgr. 37. gr. laganna. Á eignarjörð sinni hefur stefnandinn rekið ferðaþjónustu frá árinu 2005 og frá árinu 2010 í nafni stefnandans Fossatúns ehf.

Langvarandi ágreiningur hefur verið uppi milli stefnenda og stefnda um heimildir stefnda til útleigu á veiðihúsinu að Fossási utan skilgreinds veiðitíma. Í febrúar 2012 höfðu stefnendur mál á hendur stefnda og Veidifélaginu Hreggnasa ehf., sem leigutaka veiðiréttar og veiðihúss, þar sem þess var m.a. krafist að viðurkennt yrði með dómi að stefnda væri óheimilt að selja veiðihúsið á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitíma samkvæmt lögum nr. 61/2006. Gekki dómur í Hæstarétti vegna þessa 13. mars 2014, í máli nr. 676/2013, og var þar lagt til grundvallar að ákvörðun veiðifélags um að selja öðrum veiðihús félagsins á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar í veiðihúsi utan skilgreinds veiðitíma teldist meiri háttar ákvörðun í skilningi óskráðra reglna eignarréttarins um sérstaka sameign. Gilti þá einu hvort hún teldist venjuleg eða óvenjuleg. Því þyrfti samþykki allra félagsmanna fyrir slíkri ráðstöfun. Var því fallist á kröfu stefnandans Ingibjargar um að viðurkennt yrði að stefnda væri óheimilt án samþykkis allra félagsmanna að selja veiðihúsið að Fossási á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitíma. Stefndi var á hinn bóginn sýknaður af kröfu stefnandans Fossatúns ehf. á grundvelli aðildarskorts félagsins, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Hinn 30. júní 2015 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 50/2015 um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Var þá gerð sú breyting á fyrrgreindu ákvæði 1. mgr. 37. gr. laganna að tiltekið var í nýjum e-lið ákvæðisins að innan þeirra marka sem lög settu starfsemi veiðifélaga félli einnig að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn, auk þess sem veiðifélagi væri heimilt að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma og þá til skyldrar starfsemi.

Á aðalfundi hins stefnda félags 19. mars 2016 var samþykkt tillaga um útleigu veiðihússins utan veiðitíma gegn atkvæði stefnandans Ingibjargar.

Með bréfi lögmanns stefnenda til stefnda, dags. 29. maí 2018, var tilkynnt um úrsögn stefnandans Ingibjargar úr félaginu með vísan til þess að hún teldi sér ekki skylt að vera í félaginu vegna útleigu þess á veiðihúsinu til veitinga- og gistirekstur utan veiðitímans í beinni samkeppni við þann atvinnurekstur sem stefnendur stunduðu. Með bréfi lögmanns stefnda til lögmanns stefnenda, dags. 1. október 2018, var beiðni

stefnandans um úrsögn úr félaginu hafnað með vísan til þess að stefndi teldi slíka úrsögn fara í bága við gildandi lög.

Mál þetta var síðan höfðað með birtingu stefnu hinn 4. mars 2019, eins og áður segir.

Við aðalmeðferð málsins voru teknar aðilaskýrslur af Steinari Berg Ísleifssyni, framkvæmdastjóra stefnandans Fossatúns ehf., og af Jóni Gíslasyni, formanni hins stefnda veiðifélags.

### III.

Stefnendur vísa til þess að vegna skylduaðildar að veiðifélögum sé slíkum félögum óheimilt vegna 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar að viðhafa aðra starfsemi en tilgreind sé í lax- og silungsveiðilögum nr. 61/2006, einkum 37. gr. Skylduaðild þurfi að tilgreina í lögum svo og það lögbundna hlutverk sem viðkomandi félagi sé ætlað að sinna. Stjórnarskrá heimili ekki félagsskyldu til aðkomu að, eða þátttöku í, rekstri sem sé utan hins lögbundna hlutverks veiðifélags. Þannig standi almennur gisti- og veitingarekstur í veiðihúsi hins stefnda veiðifélags utan veiðitíma ekki í nánnum tengslum við lögbundið hlutverk þess, um að tryggja hagkvæma og sjálfbæra nýtingu á veiðirétti, og samrýmist hvorki hlutverki né markmiði veiðifélaga. Sé félaginu slíkur rekstur því óheimill.

Stefnendur telji að almennur veitinga- og gistirekstur utan veiðitímans geti ekki talist til „skyldrar starfsemi eins og gerist um veiðitímann“, líkt og e-liður 37. gr. laga nr. 61/2006 og lögskýringargögn með henni áskilji, enda sé gisti- og veitingarekstur yfir veiðitímann bundinn við þjónustu við veiðimenn og aðra þá sem stundi lax- og silungsveiði á veiðisvæðinu. Þjónusta við aðra frístundagesti, skemmtiferðir fyrirtækja- og vinahópa og annað slíkt standi því í engum tengslum við reglubundna starfsemi veiðifélagsins. Sé einhver vafi á inntaki og efni áður nefnds lagaákvæðis beri að túlka ákvæðið þröngt. Í þessu sambandi beri jafnframt að líta til þess að verkefni stefnda séu tæmandi talin í 4. gr. samþykktanna frá 2007 en þar sé hvergi talað um almennan veitinga- eða gistirekstur utan veiðitímans.

Stefnendum þyki í þessu sambandi rétt að benda á meðhöndlun virðisaukaskatts. Sala veiðileyfa og húsaleiga séu undanskilin virðisaukaskatti, skv. 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefndu hafi hins vegar sótt um og fengið samþykka „frjálsa skráningu“ á veiðihúsinu, sbr. 6. gr. tilvitnaðra laga og reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign. Sé tilgangurinn með þessu sá að nýta innskatt, t.d. vegna viðhalds, á móti útskatti sem leggist á leigugreiðslur. Þar með hafi stefndi viðurkennt að útleiga veiðihússins sé ótengd og eðlisólík leigu á veiðirétti í ánni.

Á því sé byggt að meirihluti veiðifélags hafi ekki heimildir til að skaða hagsmuni minnihlutans, sérstaklega þegar viðkomandi verkefni veiðifélagsins varði ekki lögbundið hlutverk þess og minnihlutaaðilinn hafi kosið gegn því. Af núverandi stöðu leiði að stefnendur séu þvingaðir til samkeppnisreksturs við sjálfa sig í gegnum skylduaðild að stefnda. Ekki aðeins að stefndi stundi samkeppnisrekstur við stefnendur utan veiðitímans heldur geri hann stefnendum ókleift að selja veiðimönnum veitinga- og gistiþjónustu innan veiðitímans, þar sem veiðimönnum sé gert að kaupa bæði gistingu og veitingar af veiðifélaginu eða leigutaka veiðisvæðisins við kaup á veiðileyfum. Með öðrum orðum hafi veiðifélagið einokunarstöðu þegar komi að sölu gistinga og veitinga þá mánuði ársins sem veiði sé stunduð og stundi svo samkeppnisrekstur við stefnendur aðra mánuði ársins.

Starfsemi stefndu sé í skjóli opinbers „einkaleyfis eða verndar“ í skilningi 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, enda feli lögbundið hlutverk veiðifélaga í sér slíka vernd. Samkeppnisrekstur megi ekki niðurgreiða sé um að ræða starfsemi sem njóti einkaleyfis eða verndar. Í þessu tilviki verði að telja að rekstur á veiðitíma og sala veiðileyfa sé nýtt til að niðurgreiða starfsemi utan veiðitímabils. Enda virðist það sjónarmið liggja að baki leigusamningi veiðihússins yfir vetrarmánuðina að ódýr leiga skapi leigutaka

tækifæri til að skapa sér viðbótartekjur. Með því að blanda saman samkeppnisrekstri og rekstri fiskisvæðisins á þennan hátt séu skapaðar óeðlilegar samkeppnisforsendur. Felist í þessu samkeppnishamlanir í andstöðu við bannákvæði IV. kafla, sbr. 1. og 10. gr. samkeppnislaga, sem auki á ólögmati þeirrar ráðstöfunar að stunda almennan veitinga- og gistirekstur í veiðihúsi félagsins utan veiðitímans. Vísí stefnendur máli sínu til stuðnings til sjónarmiða í fyrirbyggjandi bréfi Samtaka ferðaþjónustunnar um útleigu veiðifélaga á fasteignum. Einnig sé vísað til yfirlýsingar sex annarra rekstraraðila gistipjónustu á Borgarfjarðarsvæðinu, dags. 27. febrúar 2019, þar sem tekið sé undir sjónarmið stefnenda um að rekstur heilsárs gisti- og veitingaþjónustu veiðihúsa virðist fela í sér samkeppnishindranir.

#### IV.

Af hálfu stefnda er á því byggt að stefnandinn Fossatún ehf. geti ekki með réttu átt aðild að máli þessu er varði heimildir stefnda sem veiðifélags samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, enda sé hann ekki aðili að stefnda. Sé stefnandinn því ekki bær að lögum til þess að hafa uppi þær kröfur sem hann geri í máli þessu. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnandans Fossatúns ehf. sökum aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi kveður sýknukröfu sína í grundvallaratriðum byggjast á þeim röksemdum að útleiga hans á veiðihúsinu að Fossási utan skilgreinds veiðitíma falli innan hlutverks hans sem veiðifélags samkvæmt 37. gr. laga nr. 61/2006. Af þeirri ástæðu sé stefnda heimilt að stunda útleigu veiðihússins utan skilgreinds veiðitíma hvort sem er til lengri eða skemmri tíma í senn. Þar sem löggjafinn hafi sérstaklega mælt fyrir um heimild veiðifélaga til hagnýtingar og ráðstöfunar eigna utan veiðitíma verði að hafna þeim málatilbúnaði stefnenda að hún samræmist ekki skylduaðild að stefnda sem veiðifélagi. Þá telji stefndi að þar sem í lögum nr. 61/2006 sé mælt fyrir um ófrávikjanlega skylduaðild að veiðifélögum hafi honum verið óheimilt að verða við beiðni stefnandans Ingibjargar um úrsögn. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnenda.

Stefndi bendi á að í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 sé mælt fyrir um ófrávikjanlega skylduaðild veiðiréttarhafa að veiðifélögum. Telji stefndi að samkvæmt e-lið 1. mgr. 37. gr. laganna sé honum heimilt að leigja veiðihús sitt að Fossási út utan skilgreinds veiðitíma. Þar sem löggjafinn hafi sérstaklega mælt fyrir um slíka heimild veiðifélaga verði einnig að hafna þeim málatilbúnaði stefnenda að skylduaðild þeirra sé andstæð ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Eigi hið sama við um tilvísanir stefnenda til annarra ákvæða stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Í öllu falli sé sá málatilbúnaður stefnenda svo vanreifaður að líta verði fram hjá honum enda hafi stefnendur látið nægja að vísa til fjölda ákvæða án frekari rökstuðnings.

Við mat á því hvað teljist skyld starfsemi í skilningi e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 verði að hafa hliðsjón af athugasemdum við 1. gr. frumvarps er orðið hafi að lögum nr. 50/2015. Þar komi fram að samkvæmt ákvæðinu, þ.e. e-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, geti veiðifélagi m.a. verið heimilt að leigja út veiðihús sitt utan hefðbundins veiðitíma til gisti- og veitingarekstrar. Ítrekað sé að samkvæmt ákvæðinu geti löglega boðaður fundur í veiðifélagi tekið ákvörðun um að ráðstafa eignum veiðifélags með tilteknum hætti.

Stefndi bendi enn fremur á að fjárfesting veiðifélaga í veiðihúsum hafi lengi verið talinn nauðsynlegur þáttur í arðbærri nýtingu veiðiréttar. Hafi veiðifélög um áratugaskeið reist veiðihús í því skyni að hámarka arð félagsmanna sinna af viðkomandi veiðisvæði. Í lögbundnu hlutverki veiðifélags felist að gæta hagsmuna félagsmanna í heild, nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti. Eigi veiðifélag kost á því að hafa tekjur af eignum félagsins, svo sem veiðihúsi, utan skilgreinds veiðitímabils verði að telja að slík nýting sé til þess fallin að auka arð félagsmanna og rúmist því tvímælalaust innan heimilda veiðifélaga samkvæmt e-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006.

Stefndi kveðst mótmæla því að það geti nægt til að útleiga veiðihússins utan veiðitíma teljist óheimil að hún fari gegn hagsmunum stefnenda. Sé hvað þetta varði í fyrsta lagi á því byggt að skv. e-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 nægi að ákvörðun um útleigu veiðihúss sé samþykkt með meirihluta atkvæða á fundi viðkomandi veiðifélags. Ekki sé gert ráð fyrir neinni undantekningu frá þessu fyrirkomulagi, s.s. vegna hagsmuna einstakra veiðiréttarhafa. Hafi sú verið ætlunin hefði löggjafanum borið að taka það skýrt fram. Þar sem sú sé á hinn bóginn ekki raunin og fyrir liggja ákvörðun aðalfundar stefnda um útleigu veiðihússins utan skilgreinds veiðitíma verði að hafna þeim málalíbúnaði stefnenda að hagsmunir þeirra geti staðið í vegi fyrir útleigu veiðihússins utan skilgreinds veiðitíma.

Stefndi bendi á að það væri beinlínis andstætt markmiði samkeppnislaga nr. 44/2005 ef lögbundin skylduáðild að veiðifélagi leiddi til þess að verndaðri samkeppnisstöðu væri komið á fót fyrir alla félagsmenn gagnvart veiðifélaginu. Samkvæmt 1. gr. samkeppnislaganna sé markmið þeirra að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Þessu markmiði skuli náð með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaðnum. Að meina stefnda útleigu veiðihússins að Fossási vegna samkeppnishagsmuna eins félagsmanns gengi í berhögg við fyrrnefnt markmið. Verði því ekki með nokkru móti séð að stefnendur geti byggt á ákvæðum laga nr. 44/2005 máli sínu til stuðnings. Yrði hins vegar á það fallist verði að leggja til grundvallar að stefnendur hafi ekki fært viðhlítandi rök fyrir því að útleiga stefnda utan skilgreinds veiðitíma brjóti gegn ákvæðum laga nr. 44/2005. Þannig hafi markaðir málsins ekki verið skilgreindir og enginn reki gerður að því að greina þær samkeppnislegu aðstæður sem aðilar málsins búi við. Jafnframt sé það alfarið ósannað að útleiga stefnda á veiðihúsinu utan skilgreinds veiðitíma hafi neikvæð samkeppnisréttarleg áhrif á starfsemi stefnandans Fossatúns ehf. og hafi engin haldbær gögn verið færð fram til stuðnings þeim málalíbúnaði stefnenda. Verði í þessu sambandi að hafa í huga að umfang útleigu stefnda utan hins skilgreinda veiðitíma hafi verið afar takmarkað á undanförunum árum. Geti þessi útleiga því með engu móti talist vera í samkeppni við skipulagða ferðaþjónustu stefnenda eða verið til þess fallin að raska henni með nokkru móti. Verði stefnendur í það minnsta að bera sönnunarbyrði fyrir þeim fullyrðingum sínum.

Þá verði að mati stefnda ekki séð hvernig starfsemi hans feli í sér brot gegn 10. gr. laga nr. 44/2005 er leggi m.a. bann við ólögmetu samráði fyrirtækja. Hið sama eigi við um tilvísanir stefnenda til ákvæðis 14. gr. sömu laga. Virðist tilvísun stefnenda til umrædds ákvæðis byggjast á misskilningi enda sé stefndi hvorki opinbert fyrirtæki né fyrirtæki sem starfi að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar í skilningi ákvæðisins.

## V.

Til stuðnings dómkröfum sínum vísa stefnendur, eins og fyrr segir, til þess að almennur gistinga- og veitingarekstur stefnda utan veiðitímabils falli utan þeirra verkefna veiðifélaga sem upp eru talin í 37. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, fari gegn stjórnarskrárvörðum réttindum stefnenda, einkum skv. 72. gr. og 2. mgr. 74. gr., og brjóti gegn ákvæðum samkeppnislaga vegna óeðlilegrar samkeppni slíks rekstrar við rekstur stefnenda.

Í ákvæði 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, um að mönnum sé skylt að eiga aðild að veiðifélagi, felst undantekning frá þeirri meginreglu fyrri málsliðar 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar að engan megi skylda til aðildar að félagi og takmörkun á eignarráðum fasteignareiganda hvað eignarrétt að veiði varðar. Af þessu leiðir að viðfangsefni veiðifélaga takmarkast á hverjum tíma af þeim verkefnum sem löggjafinn gagngert felur þeim og ótvírætt þarf að vera að þau séu í nánu samhengi við tilgang laganna og þau markmið sem skylduáðildinni er ætlað að tryggja.

Í fyrrgreindu ákvæði 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 kemur fram að tilvist veiðifélaga og skylduaðild að þeim sé ætlað að tryggja að markmiðum laganna samkvæmt 1. gr. verði náð, en samkvæmt þeirri grein eru markmið laganna m.a. að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskistofna þar og verndun þeirra. Eins og áður er rakið komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu í máli nr. 676/2013 að í framangreindu fælist meðal annars að ákvörðun veiðifélags um ráðstöfun stangveiði á félagssvæði sínu og samhliða henni ákvörðun um gisti- og veitingarekstur í veiðihúsi félagsins á skilgreindum veiðitíma félli innan þeirra marka sem lög settu starfsemi veiðifélaga, sbr. c- og d-liði 1. mgr. 37. gr. laganna. Á hinn bóginn væri ákvörðun veiðifélags um að selja öðrum veiðihús á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar í veiðihúsi utan skilgreinds veiðitíma meiri háttar ákvörðun í skilningi óskráðra reglna eignarréttarins um sérstaka sameign og gildi þá einu hvort hún teldist venjuleg eða óvenjuleg.

Nokkru eftir að framangreindur dómur lá fyrir var samþykkt á Alþingi breyting á ákvæði 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006, þar sem m.a. var tiltekið í nýjum e-lið ákvæðisins að innan þeirra marka sem lög settu starfsemi veiðifélaga félli einnig að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn, auk þess sem veiðifélagi væri heimilt að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma og þá til skyldrar starfsemi. Eins og að framan er rakið komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu í málinu nr. 676/2013 að ákvörðun veiðifélags um gisti- og veitingarekstur í veiðihúsi félagsins á skilgreindum veiðitíma félli innan þeirra marka sem lög settu starfsemi veiðifélaga, sbr. c- og d-liði 1. mgr. 37. gr. Með setningu hins nýja ákvæðis í e-lið 1. mgr. 37. gr. laga, um að veiðifélagi sé heimilt að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma til skyldrar starfsemi, verður að telja að fengist hafi skýr lagastoð fyrir því að veiðifélag geti á löglega boðuðum fundi tekið slíka ákvörðun án þess að samþykki allra veiðiréttarhafa þurfi til að koma. Fær sú niðurstaða og stoð í athugasemdum við hið nýja ákvæði í greinargerð með breytingarlögunum nr. 50/2015 þar sem fram kemur m.a. eftirfarandi: „Með ákvæðinu er einnig tryggt að fundur í veiðifélagi geti tekið ákvörðun um að ráðstafa eign veiðifélags utan veiðitíma og þá til skyldrar starfsemi. Því getur veiðifélagi m.a. verið heimilt að leigja út veiðihús í eigu veiðifélags utan hefðbundins veiðitíma, svo sem til gisti- og veitingarekstrar.“ Liggur fyrir í málinu að samþykkt var á aðalfundi hins stefnda veiðifélags 19. mars 2016 með 23 atkvæðum gegn einu að stjórn stefnda skyldi vera heimilt að ráðstafa veiðihúsi félagsins með útleigu utan skilgreinds veiðitíma. Með því að ekki verður á það fallist með stefnendum að setning framangreinds lagaákvæðis brjóti með nokkrum hætti gegn eignarréttar- og félagafrelsisákvæðum 72. gr. og 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, og þar sem ekki verður séð að ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 standi, eins og hér háttar, því í vegi að hið stefnda félag leigi veiðihús sitt út til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitímabils, verður stefndi sýknaður af dómkröfum stefnenda.

Að þessari niðurstöðu fenginni verður stefnendum óskipt gert að greiða stefnda 1.800.000 krónur í málskostnað.

Ásgeir Magnússon dómstjóri kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Veiðifélag Grímsár og Tunguár, er sýkn af kröfum stefnenda, Ingibjargar Pálsdóttur og Fossatúns ehf.

Stefnendur greiði stefnda óskipt 1.800.000 krónur í málskostnað.